

Fundargerð 857. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2018, föstudaginn 23. febrúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Jónína Erna Arnardóttir í símasambandi, Halla Sigríður Steinólfsdóttir í símasambandi, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnlaugur Stefánsson í fjarveru Gunnhildar Ingvarsdóttur og Ísólfr Gylfi Pálmason.

Gunnar Einarsson boðaði forföll og ekki gafst tími til að boða varamann.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 856. fundar - 1710022SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 856. fundar stjórnar sambandsins frá 26. janúar 2018.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

S. Björn Blöndal kom inn á fundinn kl. 12:10.

2. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2017 - 1712034SA

Lagður fram ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2017, sbr. 8. tölulið fundargerðar 856. fundar stjórnar. Á fundinn kom Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, og lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 23.febrúar 2018. Hann áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning sambandsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

3. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2017 - 1712035SA

Lagður fram ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2017. Auðunn Guðjónsson, löggiltur endurskoðandi frá KPMG, lagði fram endurskoðunarskýrslu, dags. 23.febrúar 2018. Hann áritaði jafnframt reikninginn sem óháður endurskoðandi sambandsins.

Stjórn sambandsins staðfesti ársreikning Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

4. Afsögn varamanns í stjórn sambandsins - 1605059SA

Lagt fram til kynningar bréf Borgarbyggðar, dags. 24. janúar 2018, um afsögn Ragnars Franks Kristjánssonar, kjörins sveitarstjórnarfulltrúa og varamanns í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Fundir Jónsmessunefndar - 1801015SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. febrúar 2018.

Eftir umræður um breytingar á lífeyriskerfi hins opinbera var samþykkt að beina því til Jónsmessunefndar að hún tryggi áframhaldandi vinnu starfshóps, sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra árið 2016, sem hefur það hlutverk að meta ábyrgð lífeyrisskuldbindinga sem myndast hafa í opinberum lífeyrissjóðum vegna samrekstrar ríkis og sveitarfélaga og ýmissa viðfangsefna sem kostuð hafa verið af þessum aðilum. Verulegum áföngum hefur verið náð á þessu sviði en ljóst er að enn er ólokið ýmsum málum sem nauðsynlegt er að greina og ljúka vinnslu á.

6. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 1511037SA

Lögð fram fundargerð 41. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 23. janúar 2018.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggur mikla áherslu á að sambandið hafi aðkomu að málum sem snúa að velferðartækni.

7. Álit umboðsmanns Alþingis um akstursþjónustu í Vesturbyggð - 1608014SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 19. febrúar 2018, um álit umboðsmanns Alþingis um akstursþjónustu í Vesturbyggð.

8. Skólamálanefnd sambandsins - 1601009SA

Lögð fram fundargerð 111. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 12. febrúar 2018.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað um frístundaheimili og áhrif breytinga á grunnskólalögum á rekstur vegna þeirra og leggja fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður 23. mars nk.

9. Tillögur um aðgerðir til að auka nýliðun meðal kennara - 1801030SA

Lagðar fram tillögur samráðshóps Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, kennaradeildar skólaþróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. janúar 2018, um aðgerðir til að auka nýliðun meðal kennara.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fagnar tillögnum og tekur undir þær. Jafnframt leggur stjórn áherslu á að aðgerðir á grundvelli tillagnanna hefjist fljótt til að sporna við fyrirsjáanlegum skorti á kennurum.

10. Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 1605117SA

Lögð fram til kynningar og umræðu drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum þar sem fjallað er um stefnumótun vegna uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum. Um er að ræða fyrstu 12 ára landsáætlun og þriggja ára verkefnaáætlun sem unnar eru samkvæmt lögum, nr. 20/2016, um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir og þá sem vinna fyrir þeirra hönd að málefnum ferðaþjónustu og ferðamannastaða til þess að kynna sér landsáætlunina og senda umsögn ef talið er tilefni til.

Athygli er vakin á því að stefna landsáætlunar og sú forgangsröðun sem fram kemur í verkefnaáætluninni ætti enn fremur að geta nýst við gerð áfangastaðaáætlana sem einstakir landshlutar vinna nú að. Einnig er rétt að hafa í huga að ferðamannastaðir sem þarfnast uppbyggingar eða verndunaraðgerða eru mun fleiri en fram kemur í þeirri verkefnaáætlun til þriggja ára sem nú er birt.

11. Tilnefning í nefnd til að bregðast við athugasemdum GRECO varðandi skipan dómara í Félagsdóm - 1801035SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 29. janúar 2018, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í nefnd til að bregðast við athugasemdum GRECO varðandi skipan dómara í Félagsdóm.

12. Tilnefning í aðgerðarhóp sem vinnur gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum - 1801033SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 31. janúar 2018, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, eru tilnefnd í aðgerðarhóp í því skyni að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

13. Tilnefning í nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga - 1802003SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 5. febrúar 2018, þar sem Benedikt Valsson, hagfræðingur kjarasviðs sambandsins, er tilnefndur í nefnd um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga.

14. Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna - 1712041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 26. janúar 2018, um frumvarp um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, 40. mál.

15. Umsögn um áform um setningu nýrra umferðarlaga - 1801028SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 2. febrúar 2018, um áform um setningu nýrra umferðarlaga.

16. Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi - 1802002SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2018, um frumvarp um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.

- 17. Umsögn um drög að reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk 2018 - 1802015SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2018, um drög að reglugerð um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 2018.
- 18. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022 - 1801041SA**
- Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 13. febrúar 2018, um þingsályktunartillögu um fjármálastefnu 2018-2022, 2. mál.
- 19. Grímsnes- og Grafningshreppur - uppgjör lífeyrisskuldbindinga við Brú - 1605150SA**
- Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 31. janúar 2018, um upplýsingar vegna samþykktar sveitarstjórnar frá 24. janúar 2018 um lífeyrismál, ásamt bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps, frá 7. febrúar 2018, um tölvupóst og bréf framkvæmdastjóra sambandsins vegna uppgjors lífeyrisskuldbindinga við Brú, ásamt svari formans sambandsins. Einnig lögð fram bókun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar, frá 13. febrúar 2018, um uppgjör Brúar lífeyrissjóðs og bókun bæjarráðs Akraness frá, 24. janúar 2018, um lífeyrismál.
- Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirliggjandi gögn, skýrði þau og svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna.*
- 20. PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur - 1802070SA**
- Lagt fram til kynningar bréf mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 2. febrúar 2018, um PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur.
- 21. Fréttabréf hag- og upplýsingasviðs - 1601016SA**
- Lagt fram til kynningar fréttabréf hag- og upplýsingasviðs sambandsins, 1. tbl. 2018, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2018-2021.
- 22. Rammasamningur um sérkjör á öryggisvitundarfræðslu - 1802053SA**
- Lagður fram til kynningar rammasamningur, dags. 9. febrúar 2018, við AwareGO ehf. um sérkjör á öryggisvitundarfræðslu til aðildarfélaga í Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 14:30

Halldór Halldórsson

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Helgason

Gunnar Axel Axelsson

Jónína Erna Arnardóttir

Halla Sigríður Steinólfsdóttir

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Stefánsson

Ísólfur Gylfi Pálmason

framkvæmdastjóri

ritari